

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Maður, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi en hann dvelst í að jafnaði, getur aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar.

2. gr.

Á eftir 14. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. janúar 1973, rétt að telja sig til lögheimilis í Vestmannaeyjum fram til 1. október 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja, nema þeir tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu.

Athugasemd sveitarstjórnar samkvæmt 11. gr. Þjóðskrárlaga, nr. 54/1962, um, að einstaklingur talinn með lögheimili í Vestmannaeyjum sé vantallinn í íbúaskrá hennar 1. desember 1973, skal eigi tekin til meðferðar af Þjóðskrá, nema athugasemdinni fylgi vottfest yfirlýsing hlutaðeiganda um, að hann sé samþykkur breytingunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*